

Reykjavík, 23. janúar 2025
SFS25010126

Tillaga

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um reglur Reykjavíkurborgar um fjölda barna í leikskólum

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að reglur Reykjavíkurborgar um fjölda barna í leikskólum verði samþykktar. Þar er kveðið á um ákvörðun um fjölda barna í leikskóla sem og tímabundnar breytingar á hámarksfjölda.

Greinagerð:

Við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla þarf að taka tillit til margra þátta bæði þegar verið að taka í notkun nýjan leikskóla og ekki síður þegar þörf er á endurskoðun barnafjölda. Ekki hafa verið skýrar reglur varðandi fjölda barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg og því mikilvægt að bæta úr því. Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um fjölda barna í leikskólum gilda um ákvörðun um fjölda barna í leikskólum sem reknir eru af Reykjavíkurborg. Í reglunum er kveðið á um að ákvörðun um fjölda barna í leikskólum skuli tekin í samstarfi leikskólustjóra og skóla- og frístundaráðs/borgarráðs.

Í 1. mgr. 5. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kemur meðal annars fram að í leikskóla skal vera leikskólustjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólustjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólustarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Einnig kemur fram í 2. mgr. í sömu lögum að við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og stuðningsþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Skóla- og frístundaráð óskaði með bréfi, dags. 10. mars 2020, eftir álit mennta- og menningarmálaráðuneytisins á tillögum að reglum varðandi fjölda barna í leikskólum í Reykjavík en í svari dags. 16. apríl 2020, kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við tillöguna en minnt er á að samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla, er það leikskólustjóri að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags, sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, sem tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Í bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 23. júní 2020, var óskað eftir að ráðuneytið tæki málið til skoðunar að nýju.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, óskaði því eftir umsögn og ráðgjöf embættis borgarlögmanns um fyrirkomulag um ákvörðun um breytingar á fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 25. janúar 2022. Að mati borgarlögmanns ber að túlka ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 655/2009 til samræmis við lög nr. 90/2008 með þeim hætti



að það feli sveitarstjórum að taka lokaákvörðun um barnafjölda í leikskólum að fenginni umsögn leikskólastjóra. Einnig var það mat borgarlögmanns að drög að reglum um breytingar á fjölda barna í leikskólum í Reykjavík rúmist innan laga nr. 90/2008 þar sem þær eru málefnalegar, lögmætar og fela í sér að framkvæma skyldubundið mat þegar teknar eru ákvarðanir á grundvelli þeirra í samræmi við fyrirmæli laga nr. 90/2009 og reglugerðar nr. 655/2009.

Í október 2023 var settur af stað starfshópur til að klára vinnu að reglum um breytingar á fjölda barna í leikskóla. Ábyrgðarmaður starfshópsins var Ólafur B. Bjarkason, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu og í starfshópnum var starfsmaður frá fagskrifstofu leikskóla og fagstjóri. Starfshópur vann áfram með reglur um fjölda barna í leikskólum úr frá ofangreindum álitum og með stuðningi lögfræðings. Drög af reglum um fjölda barna voru kynnt leikskólastjórum á hverfafundum í febrúar 2024. Þar gafst leikskólastjórum tækifæri á að spyrja og koma með athugasemdir varðandi til dæmis varðandi framkvæmd og tímasetningar.

Í reglunum kemur fram að breytingar á fjölda barna geta verið með tvennum hætti, annars vegar tímabundnar breytingar á hámarksfjölda eða varanlega breytingu á fjölda barna.

Tímabundnar breytingar geta verið nauðsynlegar vegna tímabundinna aðstæðna í leikskólanum svo sem vegna breytinga á húsnæði, breytinga á aldursdreifingu og stuðningsþarfa barna. Lagt er til að ákvörðun um tímabundna breytingu á hámarksfjölda barna sé í umboði framkvæmdarstjórnar skóla- og frístundasviðs. Tillagan skal vera rökstudd og unnin í samvinnu við fagstjóra í hverfi leikskólans.

Varanleg breyting á fjölda barna í leikskólum getur orðið til dæmis þegar varanleg breyting verður á leikrými, svo sem þegar byggt er við leikskóla og leikrými stækkað eða leikrými nýtt undir aðra starfsemi innan leikskólans. Einnig ef varanleg breyting verður á samsetningu barnahópsins til dæmis aldursamsetningu eða varanlega breyttar stuðningsþarfir í barnahópnum. Lagt er til að tillögur um breytingar á fjölda barna í leikskólum beri að kynna fyrir framkvæmdastjórn sem tekur ákvörðun um hvort leggja beri fram tillöguna fyrir skóla- og frístundaráð.

Tillögur að breytingum á fjölda barna í leikskólum er unnið eftir verklagi sem tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð nr. 655/2008 um starfsumhverfi leikskóla auk annarra laga og reglna sem þýðingu hafa við ákvörðunina.